

Reglugerð um Skíðamót Íslands í skíðagöngu

1. Skíðamót Íslands skal fara fram ár hvert nema veður og aðrar ástæður hamli. Mótið skal uppfylla skilyrði um alþjóðleg FIS mót.
2. Þau aðildarfélög er vilja hafa á hendi framkvæmd mótsins skulu senda umsókn til SKÍ fyrir 15. apríl. Umsókninni skal fylgja áætlun um framkvæmd mótsins og aðstöðu keppenda og gesta. Mótsstaður fyrir Skíðagöngumót Íslands skal ákveðinn á Skíðapingi tvö ár fram í tímann. Stjórn SKÍ skal hitta mótshaldara haustið fyrir mót, eigi síðar en 1. október. Fara skal yfir undirbúning, dagskrá og umgjörð.
3. Mótshaldara ber að senda öllum aðildarfélögum SKÍ boð um þátttöku ásamt upplýsingum um framkvæmd mótsins. Auglýsa skal mótið með lágmarks tveggja mánaða fyrirvara. Að öðru leyti skal fara eftir reglugerð um keppnishald SKÍ.
4. Eftirlitsmenn skulu vera skv. Reglugerð um eftirlitsmenn og dómara.
5. Í leikskrá og skýrslum mótsins skal tilgreina aðildarfélag sem keppandi keppir fyrir. Til þess að keppni geti farið fram þarf lágmarkspátttaka að vera a.m.k. þrír keppendur í viðkomandi keppnisgrein, eða þrjár sveitir í liðaspretti. Stjórn SKÍ er heimilt að gefa undanþágu frá reglunni.
6. Innheimt eru mótagjöld skv. gjaldskrá SKÍ fyrir hvern skráðan keppanda í hverri grein og eru þau ekki afturkræf ef hann er á ráðslista.
7. Keppa skal í eftirtöldum greinum:

Konur og karlar

Vegalengd	13-14 ára	15-16 ára	17-18 ára	19-20 ára	17 ára og eldri
3,5 km	H-F	H-F			
5 km	H-F	H-F			
10 km			H-F	H-F	H-F
15 km			H-F	H-F	H-F
1-1,5 km*	Sprettganga*	Sprettganga*	Sprettganga*		Sprettganga

(* Keppnisbraut 800m – 1,5km)

Keppa skal til skiptis í skíðagöngu með hefðbundinni og frjálsri aðferð

	3,5km 5 km 10 km kvk/kk	3,5lm 5km, 15 km kvk/kk	Sprettganga
2025	Hefðbundin	Frjálst	Frjálst
2026	Frjálst	Hefðbundin	Hefðbundin
2027	Hefðbundin	Frjálst	Frjálst

Önnur gangan á Skíðamóti Íslands verði ræst út með hópstarti.

Keppt verður til Íslandsmeistara í liðaspretti. Keppt skal í liðaspretti 13-16 ára, karla-, og kvennaflokki og 17 ára og eldri, karla-, og kvennaflokki og 20 km skiptigöngu á einhverju af bikarmótum vetrarins, sem verða ákveðin með mótatöflu.

8. Á Skíðamóti Íslands í skíðagöngu verði krýndir Íslandsmeistarar í öllum flokkum sem listaðir eru upp í grein nr. 7. Veita skal verðlaun fyrir þrjú efstu sætin og skal veita bikar fyrir 1.sætið. Á mótum sem eru alþjóðleg FIS mót skal veita verðlaun fyrir þrjú efstu sætin í FIS mótinu. Mótshaldari hefur heimild til að krýna Íslandsmeistara og veita verðlaun í eldri flokkum.
9. Að öðru leyti gilda reglur FIS.

*Samþykkt á skíðaþingi 30.október 2021
Breytt á Skíðaþingi 21. september 2024*